

Lítill skokkur

Höfundur: Vilborg M. Ástráðsdóttir

Vilborg er sveitakona í húð og hár, býr við hálendisbrúnina með nokkrar skjátur á beit og þónokkur hross í túnfætinum. Þrjónaáhuginn kemur frá ömmum og tengdamóður, en hún getur sjaldnast haldið sig við að þrjóna nákvæmlega eftir uppskrift og þarf yfirleitt að prófa nýjar leiðir. Hefur sannfært börnin sín fjögur, strax frá fæðingu, að lopinn stingi ekki. Vilborg sendi uppskriftina í uppskriftasamkeppni Þrjóniprjóns 2009 og vann fyrstu verðlaun!

Mjúkur, þunnur og lipur fyrir ungar dömur.

Stærð 6 - 12 mánaða. Skokkinn má auðveldlega stækka eftir smekk.

Þrjónfesta: 19 lykkjur = 10cm á breiddina

Hér er notast við einfaldan plötulopa og þrjónastærð nr. 4.

Skokkurinn er rykkur undir berustykki (hringstykki), meira að framan en að aftan. Í berustykki er perluprjón þrjónað með tveimur litum (sjá munstur síðar). Neðst í faldi og efst í háls máli er dregið örlítið saman með teygjutvinna. Það er gert svo flíkin sé auðveldari að fara í og klæðilegri.

Byrjað að þrjóna: Byrjað er neðst og fitjað upp á 100 lykkjum. Þrjónið 2 umferðir perluprjón, þ.e. *1 slétt, 1 brugðin* í fyrri umferð, *1 brugðin, 1 slétt* í þeirri síðari. Þrjónið 2 umferðir slétt og því næst gataumferð sem er gerð þannig: * sláið bandi uppá þrjóninn, þrjónið 2 lykkjur saman, þrjónið 1 lykkju * . Þetta er endurtekið út umferðina.

Síðan er bolurinn þrjónaður beint upp og í þessum tiltekna skokk eru þrjónaðar 60 umferðir upp að handveg. Þegar komið er upp að handveg eru lykkjurnar taldar og skipt upp – svona til hægðarauka:

- 7 lykkjur fara undir handveg (þær eru sem sagt felldar af– sjá síðar)
- 50 lykkjur fara í framstykki (þeim er svo fækkað niður í 27 – sjá síðar)
- 7 lykkjur aftur undir handveg (og felldar af– sjá síðar)
- 35 lykkjur fara í bakstykki (þeim er svo fækkað niður í 26 – sjá síðar)

Haldið áfram: Fellið af 7 lykkjur (handvegslykkjur), þrjónið 3 lykkjur slétt, (nú kemur rykkingin:) * 1 lykkja tekin óþrjónuð, 1 lykkja þrjónuð slétt, óþrjónuðu lykkjunni steyp yfir, næstu 2 lykkjur þrjónaðar saman. Núna eru komar á hægri þrjón 2 lykkjur, köllum þær „samsuðulykkjur“ og eru þessar samsuðulykkjur teknar yfir á vinstri þrjón aftur og þrjónaðar saman, sem þýðir að úr þessum 4 lykkjum varð á endanum ein lykkja. Þrjónið 2 lykkjur slétt* Endurtekið 8 sinnum – nú ættu 27 lykkjur að vera eftir á framstykkinu. Að mínu mati skiptir ekki öllu máli að lykkjufjöldinn sé nákvæmlega þessi. Eftir því sem flíkin er þrjónuð oftast batnar hún oftast, sem er bara af hinu góða.



